

17. mars 2023

Athugasemdir FEIS við tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025

Stjórn FEIS er einstaklega ánægð með að hjá ráðuneytinu eigi að vera sérstök áhersla á að fjölga einkaleyfisumsóknum tengdum rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífinu.

Eins og réttilega kemur fram þá liggja gríðarmikil verðmæti í hugverkaréttindum fyrirtækja sem færa þeim ýmis samkeppnisforskot á markaði sem leiðir til hærri útflutningstekna til lengri tíma og því möguleikans á að greiða þekkingarstarfsfólki hærri laun en gengur og gerist.

Þessar staðreyndir eru þekktar og þá sérstaklega hjá þeim fyrirtækjum landsins sem innleitt hafa hugverkaréttindi í innri ferla sem leið til að setja eignarhald sitt á tækni, hönnun og/eða ímynd fyrirtækja sinna. Hins vegar blasir við að stóraukin umsvif hugvitsdrifins hagkerfis hér á landi er ekki að skila sér í aukningu í skráðum hugverkaréttindum og sérstaklega ekki í einkaleyfisumsóknum eða veittum einkaleyfum. Þetta er atriði sem kallar á sérstaka skoðun - eru fyrirtækin ekki meðvituð um hugverkaréttindi eða telja þau að réttindin skipti ekki máli?

Þessi sérþekking sem snýr að hugverkaréttindum, hvað gera þarf til að fá þau, nýta þau og hvernig eigi að koma í veg fyrir að stíga á tær þriðju aðila sem eiga slík réttindi hefur alls ekki skilað sér inn í háskólana, umhverfi frumkvöðla eða til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Það þarf nefnilega að fara í allsherjar sóknaráttak ef breyta á viðhorfi og umhverfi varðandi þessi réttindi hér á landi. Það þarf að leggja áherslu á þetta í miðpunkti sem síðan dreifir sér inn í samfélagið. Háskólaumhverfið væri frábær byrjunarpunktur því þar er þekkingin sótt sem síðan skilar sér inn í atvinnulífið. Í háskólanum hefur lengi viðgengist að nauðsynlegt sé að birta vísindagreinar og hafa hvatakerfi verið drifin á þann veg síðan þeir voru stofnaðir. Það að sækja um t.d. einkaleyfi á tækni og rannsóknum í háskólanum ætti í raun að vega þyngra hvatalega séð og væri ein leið til að hagsmuna-aðilar innan háskólanna myndu vilja verja tíma sínum í að kynna sér og með tímanum tileinka sér þessa hæfni. Einkaleyfisumsóknir eru birtingar, því eftir 18 mánuði birtast slíkar umsóknir almenningi. Samhliða slíkri umsókn væri hægt að birta í vísindatímariti, svo framarlega sem einkaleyfisumsóknin sé send inn á undan.

Það er okkar tillaga að grundvallarþekking á hugverkaréttindum verði skyldufag á grunnháskólastigi í STEAM námstengdum greinum og þar með tækifærið notað til að nemendum sé kynnt hvaða hvata það hefði t.d. í för með sér í framhaldsnámi svo þessi þekking viðhaldist í gegnum seinni námsstig.

Jafnframt teljum við mjög mikilvægt að koma á samtali við samtök í atvinnulífinu, t.d. SI og SFS í þeirri von að vinna megi að vitundarvakningu í gegnum þeirra tengslanet.

Fyrir hönd Félags íslenskra einkaleyfissérfræðinga,

Anna Valborg Guðmundsdóttir

Þorlákur Jónsson

Sigurður Ingvarsson

Hrafnhildur Haldorsen